



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union



SHE4AHA
Health throughout life

Mat á árangri



Hvað er mat?

Mat er kerfisbundið ferli til að meta gildi, virði eða gæði einhvers. Það felur í sér að safna og greina upplýsingar til að meta árangur, hagkvæmni, viðeigandi tengsl og áhrif áætlunar, verkefnis, stefnu, vöru eða þjónustu.

Hvað er mat í Heilsueflandi skóla?

Mat í tengslum við Heilsueflandi skóla vísar til kerfisbundins mats á árangri og áhrifum aðgerða í heilsueflingu innan skóla.

Heilsueflandi skóli stuðlar að líkamlegri, andlegri og félagslegri vellíðan nemenda sinna, starfsfólks og samfélags.

Mat í þessu samhengi miðar að því að meta að hve miklu leyti heilsueflingarstarf skólans nær markmiðum sínum og stuðlar að almennri heilsu og vellíðan þátttakenda.

Mat gegnir því mikilvægu hlutverki við að tryggja að Heilsueflandi skólar geti á áhrifaríkan hátt sinnt þörfum er snúa að heilsu og vellíðan í samfélaginu og mótað styðjandi umhverfi sem stuðlar að vellíðan allra í samfélaginu.



Að bera kennsl á þarfir nemenda, starfsfólks og skólasamfélagsins er varða heilsu og forgangsröðun í heild, með könnunum, viðtölum, heilsumati og öðrum aðferðum.



Þróa og innleiða heilsueflingaráætlanir og verkefni sem eru sérsniðin til að mæta greindum þörfum og forgangsröðun. Þetta getur falið í sér frumkvæði sem tengjast næringu, hreyfingu, geðrækt, vímuefnaforvörnum, kynheilbrigðisfræðslu og fleiru.



Fylgjast með framkvæmd heilsueflingaraðgerða og frampróun í átt að því að ná markmiðum og áföngum áætlunarinnar. Þetta felur í sér að safna gögnum um þátttökuhlutfall, breytingar á þekkingu, viðhorfum og hegðun, auk annarra viðeigandi vísbendinga.



Að hanna matsáætlanir sem tilgreina aðferðir, verkfæri og tímalínur til að meta áhrif og árangur heilsueflingar. Þetta getur falið í sér bæði megindlegar og eigindlegar aðferðir, svo sem kannanir, rýnihópa, athuganir og endurskoðun á verkefnaskjöllum og áætlunum.

Hvað felur mat í Heilsueflandi skóla í sér (1)?



Greina gögn sem safnað er til að meta að hve miklu leyti heilsueflingarverkefni ná tilætluðum árangri og markmiðum. Þetta getur falið í sér að bera saman gögn fyrir og eftir íhlutun, skoða þróun yfir tíma og bera kennsl á svæði til úrbóta.



Miðla niðurstöðum mats til viðeigandi hagaðila, þar á meðal skólastjórnenda, kennara, nemenda, foreldra og samstarfsaðila í samfélaginu. Þetta getur falið í sér að útbúa skýrslur, kynningar og annað efni til að deila niðurstöðum og ráðleggingum um frekari aðgerðir.



Nota niðurstöður mats til að upplýsa um áframhaldandi áætlanagerð og ákvarðanatökuferli, sem og til að gera breytingar og umbætur á heilsueflingu með tímanum.

Hvað felur mat í Heilsueflandi skóla í sér (2)?

Leiðir til þess að meta

Greiningarmat

Ferilmát

Árangursmát

Greiningarmat



Greiningarmat er söfnun gagna sem skipta máli fyrir þróun íhlutunar.



Samhengi gagna

Greining á
aðstæðum

Áhrifaþættir
áskoranna

Mat á skoðunum
þátttakenda



Gögn um inntak

Fræðilegt yfirlit um
aðferðir og virkni
þeirra

Forprófun efnis



Ferilmat

Við ferilmat er gögnum safnað til þess að athuga hvort íhlutun gangi samkvæmt áætlanagerð

- skráning á aðgerðum/ verkefnum
- skráning þátttöku
- fylgjast með þáttum áætlunarinnar
- spyrja þátttakendur um þeirra hughrif á aðgerðinni
- rannsóknarskýrslur og fundargerðir
- álit utanaðkomandi sérfræðinga



Árangursmat

Árangursmat felst í söfnun gagna til að meta hvort markmiðum aðgerða hafi verið náð

- Mæling grunnlínu
 - Mat á aðstæðum áður en aðgerðir hefjast
- Mat á áhrifum
 - Bein áhrif
 - Áherslur: þekking, færni, skynjun á félagslegum viðmiðum, gagnrýnin hugsun, stefnumál
- Mat á niðurstöðum
 - Langtímaáhrif
 - Áherslur: hegðun, heilsa, gæði skipulags, valdefling

Efnissvið matsins

Viðmið
skólans,
umhverfi
reglur o.s.frv.

Hæfni kennara

Starfshættir í kennslu sem
snúa að heilsu og vellíðan

Nám, heilsa og vellíðan
nemenda



Matsferlið



Þessar glærur voru þróaðar innan SHE4AHA verkefnisins.

Nánari upplýsingar um SHE4AHA verkefnið er að finna á www.healththroughoutlife.eu

Þetta efni er hægt að nota ókeypis með skýrri tilvísun í SHE4AHA verkefnið.

Leiðbeiningar um innleiðingu á Heilsueflandi skóla



Styrkt af Evrópusambandinu. Skoðanir og álit sem sett eru fram eru hins vegar eingöngu skoðanir höfunda og endurspeglar ekki endilega skoðanir Evrópusambandsins eða Framkvæmdaskrifstofu mennta- og menningarmála (EACEA). Hvorki Evrópusambandið né EACEA bera ábyrgð á þeim.

ÚTGEFIÐ AF

Schools for Health in Europe Network Foundation (SHE).

ÚTGÁFUDAGUR

Mars 2025